# HRUNAMANNAHREPPUR

## 1. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR
## KJÖRTÍMABILIÐ 2014 – 2018 7. FUNDUR ÁRSINS
## VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 19. JÚNÍ 2014
## KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2014, þann 19. júní kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Eggertsson, Sigurður Sigurjónsson, Bjarney Vignisdóttir og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon setti fund, sá sveitarstjórnarmaður með lengsta setu kjörinna fulltrúa í sveitarstjórn, og bauð nýkjörna sveitarstjórnarmenn velkomna til starfa og óskaði þeim velfarnaðar í starfi. Óskaði hann eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

***<u>Erindi til sveitarstjórnar:</u>***

1. **Kosning oddvita og varaoddvita.**
2. **Ráðning og ráðningarsamningur sveitarstjóra.**
3. **Skipan í stjórnir, nefndir og ráð skv. samþykktum sveitarfélagsins.**
4. **Aukaaðalfundur SASS: Kosning fulltrúa.**
5. **Tölvur til sveitarstjórnarmanna.**
6. **Sameiningarmál: Skoðunarkönnun.**
7. **Næsti fundur sveitarstjórnar.**

***<u>Gengið til dagskrá:</u>***

1. **Kosning oddvita og varaoddvita.**
   Lögð var fram tillaga um Ragnar Magnússon sem oddvita sveitarstjórnar út kjörtímabilið. Tillagan var samþykkt með 4 atkvæðum en Bjarney sat hjá. Einnig var lögð fram tillaga um Halldóru Hjörleifsdóttur sem varaoddvita út kjörtímabilið. Tillagan var samþykkt með 4 atkvæðum en Bjarney sat hjá.
2. **Ráðning og ráðningarsamningur sveitarstjóra.**
   Oddviti lagði fram tillögu um að ráða Jón G. Valgeirsson áfram sem sveitarstjóra sveitarfélagsins. Jafnframt var lagður var fram ráðningarsamningur við Jón. Ráðningin og ráðningarsamningurinn var samþykktur samhljóða og oddvita falið að undirrita ráðningasmaninginn. Jón vék sæti af fundi við meðferð og afgreiðslu málsins.
3. **Skipan í stjórnir, nefndir og ráð skv. samþykktum sveitarfélagsins.**
   Oddviti lagði fram lista um skipan í nefndir og ráð. Tillagan er unnin í samvinnu H og Á lista.

   **Tillaga um skipan í stjórnir nefndir og ráð Hrunamannahrepps:**

   Kjörstjórn:
   Aðalmenn: Loftur Þorsteinsson, formaður, Jóhanna Bríet Ingólfsdóttir og Gunnlaugur Magnússon.
   Varamenn: Margrét Larsen, Haukur Már Hilmarsson og Svanhildur Pétursdóttir.

   Skólanefnd:
   Aðalmenn: Helgi Jóhannesson, formaður, Jón Bjarnason og Bjarney Vignisdóttir.
   Varamenn: Elsa Ingjaldsdóttir, Vigdís Furuseth og Jón Gunnar Sigurðarson.

   Landbúnaðarnefnd:
   Aðalmenn: Jón Viðar Finnsson, formaður, Íris B. Georgsdóttir og Þorsteinn Loftsson.
   Varamenn: Sigurður Sigurjónsson, Valdís Magnúsdóttir og Esther Guðjónsdóttir.

Umhverfisnefnd:
Aðalmenn: Hörður Úlfarsson, formaður, Vigdís Furuseth og Erla Björg Arnardóttir.
Varamenn: Kolbrún Haraldsdóttir, Aðalsteinn Þorgeirsson og Þröstur Jónsson.

Veitustjórn:
Aðalmenn: Páll Jóhannsson, formaður, Kolbrún Haraldsdóttir, Axel Thorsteinson, Halldóra Hjörleifsdóttir og Þröstur Jónsson.
Varamenn: Sigurður Sigurjónsson, Jón Bjarnason og Esther Guðjónsdóttir.

Ferða- og menningarnefnd:
Aðalmenn: Valdís Magnúsdóttir, formaður, Unnsteinn Eggertsson og Elvar Harðarson.
Varamenn: Daði Geir Samúelsson, Elsa Ingjaldsdóttir og Katrín Ösp Emilsdóttir.

Yfirstjórn sameiginlegar skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings (NOS).
Aðalmaður: Ragnar Magnússon.
Varamaður: Jón G. Valgeirsson.
Tilnefnd sem fulltrúar í Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árnesþings.
Aðalmaður: Bjarney Vignisdóttir.
Varamaður: Unnsteinn Eggertsson.

Skipulagsnefnd Uppsveita:
Aðalmaður: Ragnar Magnússon.
Varamaður: Halldóra Hjörleifsdóttir.

Stjórn Skipulagsfulltrúa Uppsveita bs.
Aðalmaður: Ragnar Magnússon.
Varamaður: Halldóra Hjörleifsdóttir.

Héraðsnefnd Árnesinga:
Aðalmaður: Ragnar Magnússon.
Varamaður: Halldóra Hjörleifsdóttir.
Áheyrnarfulltrúi: Bjarney Vignisdóttir.
Varamaður áheyrnarfulltrúa: Erla Björg Arnardóttir.

Almannavarnarnefnd Árnessýslu:
Aðalmaður: Jón G. Valgeirsson.
Varamaður: Ragnar Magnússon.

Landgræðslufélag Hrunamanna:
Jóhanna Bríet Ingólfsdóttir, aðalmaður.
Varamaður: Benedikt Kristinn Ólafsson.

Oddvitanefnd Uppsveita Árnessýslu:
Aðalmaður: Ragnar Magnússon.
Varamaður: Halldóra Hjörleifsdóttir.

Landsþing Sambands íslenskra sveitafélaga:
Aðalmaður: Ragnar Magnússon.
Varamaður: Halldóra Hjörleifsdóttir.

Aðalfundur Eignarhaldsfélags Suðurlands.
Aðalmaður: Jón G. Valgeirsson.
Varamaður: Ragnar Magnússon.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða ofangreindar tillögur um aðal- og varamenn í stjórnir, nefndir og ráð sveitarfélagsins.

4. **Aukaaðalfundur SASS: Kosning fulltrúa.**
Sveitarstjórn samþykkir að eftirtaldir verði fulltrúar hennar á aukaaðalfundi SASS þann 2. júlí n.k. Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir og Bjarney Vignisdóttir en til vara Unnsteinn Eggertsson, Sigurður Sigurjónsson og Erla Björg Arnardóttir.
5. **Tölvur til sveitarstjórnarmanna.**
Oddviti lagði fram tillögu um að keyptar verði fartölvur til aðalmanna í sveitarstjórn sem sveitarstjórnarmenn eignist að kjörtímabili loknu og einnig verði keyptur sími fyrir oddvita. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.
6. **Sameiningarmál: Skoðanakönnun.**
Oddviti kynnti niðurstöður skoðanakönnunarinnar sem lögð var fyrir samhliða sveitarstjórnarkosningunum. Niðurstaðan varð sú að af þeim sem greiddu atkvæði voru um 57% andvíg sameiningu, 36% voru hlynnt, 5% skiluðu auðu og 2% voru ógild. Af þeim sem voru hlynntir sameiningu kusu flestir að mæla með sameiningu Uppsveita Árnessýslu.
7. **Næsti fundur sveitarstjórnar.**
Oddviti kynnti að næsti fundur sveitarstjórnar yrði haldinn fimmtudaginn 3. júlí nk. kl. 14:00.

*Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 14.50.*